

Gerast verðug og meðtaka af musteristilbeiðslu



Kennið þessar ritningargreinar og tilvitnanir í bænaranda eða

aðrar reglur, ef þörf er á því, sem verða systrunum til blessunar sem þið heimsækið. Berið vitni um kenninguna. Þjóðið þeim sem þið heimsækið að segja frá því hvað þeim finnst og hvað þær hafi lært.

Hvernig get ég búið mig undir musteristilbeiðslu?

Silvia H. Allred fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins:

„Musterið er hús Drottins. Hann setur skilyrðin fyrir notkun þess, helgiathafnanna sem framkvæma á og hæfnisreglur til inngöngu og þátttöku í musteristilbeiðslu. . . . Eigin verðugleiki er nauðsynlegt skilyrði þess að geta notið blessana musterisins. Við búum okkur undirbúum okkur með því að hlýða boðorðunum og leita vilja Guðs“ (“Holy Temples, Sacred Covenants,” *Liahona*, nóv. 2008, bls. 113).

Öldungur David B. Haight (1906–2004) í Tólfpostulasveitinni: „Við sem ætlum að sækja musterid verðum að lifa á þann hátt sem hjálpar okkur að vera verðug inngöngu og neyta að fullu. . . . Við könnum verðugleika

okkar til að fara í musterid í . . . viðtölum við prestdæmisleiðtoga. Undirskrift okkar, ásamt þeirra, á musterismeðmæli okkar vitnar um eigin verðugleika til inngöngu í musterid“ (“Come to the House of the Lord,” *Ensign*, maí 1992, bls. 15).

Hverjar eru blessanir þess að gerast verðug og meðtaka af musteristilbeiðslu?

K&S 110:7: „Og af miskunn mun ég opinbera mig fólki mínu í þessu húsi.“

Howard W. Hunter forseti (1907–95): „Flýttum okkur til musterisins eins oft og tími, efni og aðstæður leyfa. Förum ekki aðeins fyrir látna ættingja, förum líka til að hljóta sjálf blessanir musterisþjónustunar, vegna helgi og öryggis sem við finnum innan þessara helgu og vígðu veggja. Musterid er staður fegurðar, það er staður opinberunar, það er staður friðar“ (“The Great Symbol of Our Membership,” *Tambuli*, nóv. 1994, bls. 6).

K&S 38:32: „Mun ég gefa yður lögmál mitt og þar mun yður veitast kraftur frá upphæðum“ (sjá einnig K&S 95:8).

Öldungur Robert D. Hales í Tólfpostulasveitinni: „Musterisgjafirnar eru eins nauðsynlegar fyrir hvert

okkar eins og skírmin okkar. Það er ástæðan fyrir því að við eigum að undirbúa okkur á þann hátt að við séum hrein svo við getum farið inn í musterid Guðs. Musterisþjónusta er tækifæri til að framkvæma eigin persónulegu musterisgjöf og sáttmála fyrir hina lifandi sem og framkvæma þessar sömu helgiathafnir fyrir endurlausn hinna dónu. Vegna þessa er okkur leiðbeint í ritningunum að byggja musterid og undirbúa líf okkar til að vera verðug þess að meðtaka heilagar helgiathafnir og sáttmála musterisins. . . .

„Megin tilgangur musterisþjónustu er að veita nauðsynlegar helgiathafnir til upphafningar okkar í himneska ríkinu. Musteris helgiathafnir leiða okkar til frelsara okkar og veita okkur þær blessanir sem koma til okkar í gegnum friðþægingarförn Jesú Krists“ (“Temple Blessings,” í *Brigham Young háskóli 2005–2006 Ræður* [2006], 1, 4).

Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008): „Hver maður eða kona sem sækir musterid í anda einlægni og trúar, fer út úr húsi Drottins betri manneskja. Við þurfum að taka stöðugum framförum á öllum sviðum lífsins. Öðru hverju er þörf fyrir að yfirgefa hávaða og skarkala heimsins og stíga inn fyrir vegg heilags húss Guðs, og finna þar fyrir anda hans í umhverfi heilagleika og friðar“ (“Of Missions, Temples, and Stewardship,” *Ensign*, nóv. 1995, bls. 53).